

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/464****2021/EES/71/29****frá 17. mars 2021**

**um að samþykkja ekki *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldþiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar sem grunnefni í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 frá 21. október 2009 um setningu plöntuverndarvara á markað og um niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 79/117/EBE og 91/414/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 5. mgr. 23. gr. í tengslum við 2. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 14. mars 2018 barst framkvæmdastjórninni umsókn frá fyrirtækinu Bio Natural Protect um samþykki fyrir *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldþiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar sem grunnefni til notkunar sem fæliefni gegn spendýrum og fuglum sem nærast á fræjum. Endurskoðaðri umsókn sem barst 23. maí 2019 fylgdu upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt annarri undirgrein 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 2) Framkvæmdastjórnin bað Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um vísindalega aðstoð. Matvælaöryggisstofnunin lagði tæknilega skýrslu um *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldþiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar fyrir framkvæmdastjórnina 31. mars 2020 <sup>(2)</sup>. Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að forskriftirnar fyrir tillögðum *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldþiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar, þ.m.t. kapsaísín sem er helsti virki efnisþáttur hans, væru ekki vel skilgreindar. Samkvæmt Matvælaöryggisstofnuninni voru upplýsingar um eiginleika er varða afdrif og hegðun í umhverfinu í tengslum við suma af hugsanlegu útdráttarefnisþáttunum, þ.m.t. kapsaísín, enn fremur óljósar og þörf var á frekari rannsóknum á eiturhrifum á allar tegundir sem eru ekki marktægundir. Matvælaöryggisstofnunin tók fram að fyrirtæki hefðu einnig lagt gögn fyrir Efnastofnun Evrópu um að e.t.v. þyrfti að flokka efnisþætti *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldþiparhópurinn, útdráttar úr kajennpipar sem efni sem veldur alvarlegum augnskaða, er hættulegt við inntöku og veldur einnig húðertingu.
- 3) Að auki greindi vísindanefndin um matvæli hugsanleg erfðaeiturhrif kapsaísíns <sup>(3)</sup>.
- 4) Ekki lá fyrir neitt mat, sem skipti máli, sem fór fram í samræmi við aðra löggjöf Sambandsins eins og um getur í 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 94, 18.3.2021, bls. 1 Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 239/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 1.

(2) EFSA (Matvælaöryggisstofnun Evrópu), 2020. „Technical report on the outcome of the consultation with Member States and EFSA on the basic substance application for approval of *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, longum group, cayenne extract to be used in plant protection as repellent to seed-eating mammals and birds.“ EFSA supporting publication 2020:EN-1838. 77. bls. doi:10.2903/sp.efsa.2020.EN-1838.

(3) Álit vísindanefndarinnar um matvæli um kapsaísín (samþykkt 26. febrúar 2002), [https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/fs\\_food-improvement-agents\\_flavourings-out120.pdf](https://ec.europa.eu/food/sites/food/files/safety/docs/fs_food-improvement-agents_flavourings-out120.pdf)

- 5) Framkvæmdastjórnin lagði endurskoðunarskýrsluna <sup>(4)</sup> og drögin að þessari reglugerð um að samþykkja ekki *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar fyrir fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður 17. júlí 2020.
- 6) Framkvæmdastjórnin gaf umsækjandanum færi á að leggja fram athugasemdir sínar varðandi tæknilega skýrslu Matvælaöryggisstofnunarinnar og drög framkvæmdastjórnarinnar að endurskoðunarskýrslunni. Umsækjandinn lagði fram athugasemdir sínar sem hafa verið athugaðar vandlega.
- 7) Þrátt fyrir þau rök sem umsækjandinn setti fram var þó ekki hægt að eyða áhyggjuefnunum varðandi efnið.
- 8) Af þessum sökum, eins og mælt er fyrir um í endurskoðunarskýrslu framkvæmdastjórnarinnar, hefur ekki verið sýnt fram á að kröfurnar sem mælt er fyrir um í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 séu uppfylltar. Því er rétt að samþykkja ekki *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldiparhópurinn, útdrátt úr kajennpipar sem grunnefni.
- 9) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á framlagningu frekari umsókna um samþykki fyrir *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldiparhópurinn, útdrætti úr kajennpipar sem grunnefni í samræmi við 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efnið *Capsicum annuum* L. var. *annuum*, eldiparhópurinn, útdráttur úr kajennpipar er ekki samþykkt sem grunnefni.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. mars 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

---

<sup>(4)</sup> [https://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-db\\_en](https://ec.europa.eu/food/plant/pesticides/eu-pesticides-db_en)